



f § 1968
2003

efni

<i>Hvað er FS?</i>	4
<i>FS í 35 ár</i>	5
<i>Sveitamenn og borgarbörn á Görðum</i>	7
<i>Loksins kominn kaupmaður á hornið</i>	10
<i>Leikskólar FS</i>	12
<i>Heilbrigð sál í hraustum líkama</i>	13
<i>Börnin læra margt á Mánagarði</i>	15
<i>Fjölbreytt verkefni hljóta styrki</i>	16
<i>Að spila með</i>	19
<i>Carta universitatis</i>	20
<i>Gott er að borða gulrótina</i>	22
<i>Bækur best</i>	26
<i>Bókaverð óbreytt</i>	29
<i>Draumurinn um Háskólatorg</i>	30
<i>Breyttur atvinnumarkaður?</i>	32
<i>Árið 1968</i>	34
<i>Árnað heilla</i>	37
<i>Ef kaffistofan þín væri dýr</i>	41
<i>Jafnaldrar FS</i>	42

Háskólinn/Stúdentafréttir, 1. tbl. 2003. FS-blaðið 2003 er kynningarrit sem gefið er út af Félagsstofnun stúdenta.

Umsjón af hálfu FS: Rebekka Sigurðardóttir. Ritstjórn og efni: Katrín Jakobsdóttir. Ábm.: Rebekka Sigurðardóttir. Kort af Háskólasvæðinu: Þorfinnur Skúlason. Efnisvinnsla og umbrot: Reykísvík útgáfa sf. Myndir: Katrín Jakobsdóttir ofl. Auglýsingar: Markaðsmenn ehf. Prentun: Prentmet.



Hvers vegna

Félagsstofnun stúdenta er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Aðalmarkmið FS er að bjóða stúdentum góða þjónustu á góðum kjörum og tryggja öruggan rekstrargrundvöll stofnunarinnar.

FS hefur um árabil byggt upp og rek- ið margháttaða þjónustu fyrir stú- denta. Þá beitir FS sér eftir þörfum fyr- ir því að ný fyrirtæki í þágu stúdenta séu stofnuð. FS styrkir Stúdentaráð og deildarfélögin með útgáfustyrkj- um eða á annan hátt.

Félagsstofnun stúdenta var stofnuð með lögum nr. 33 á því herrans ári 1968 og tók formlega til starfa 1. júní sama ár. Allir skrásettir stúdentar við Háskóla Ís- lands eiga aðild að stofnuninni sem og Há-



skólinn og menntamálaráðuneytið. Stjórn FS er skipuð fulltrúum þeirra. Þrír fulltrúar eru tilnefndir af stúdentum, og er einn þeirra formaður stjórnarinnar, einn fulltrúi er skipaður af Háskólanum og einn af menntamálaráðuneytinu. Aheytnarfull- trúar á stjórnarfundum FS eru formaður Stúdentaráðs, fulltrúi minnihlutans í SHÍ, fulltrúi starfsmanna FS og framkvæmda- stjóri FS, sem jafnframt er ritari stjórnar. Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Starfsmenn eru um átta tíu.

Nú, árið 2003, rekur FS fimm deildir: At- vinnumiðstöð stúdenta, Bóksölu stúdenta, Kaffistofur stúdenta, Leikskóla FS og Stú- dentagarða. Höfuðstöðvar FS eru í Stúden- taheimlinu við Hringbraut.

Allt sem þarf fyrir námið

Fimm einingar FS



Félagsstofnun stúdenta

Atvinnumiðstöð stúdenta auðveldar náms- mönnum að finna störf og verkefni sem tengi- ast náminu og atvinnurekendum að ráða fólk með rétta faglega og fræðilega þekkingu. Þannig eflir AM tengsl stúdenta við atvinnulífið.



bóksala stúdenta

Bóksala stúdenta útvegar há- skólanemum námsefni og annað sem þarf til að læra.

Kaffistofur stúdenta stuðla að heil- brigðu mataræði háskólanema með því að bjóða fjölbreytt og gott vöru- úrval á lágmarksverði.



Leikskólar FS stuðla að tryggu framboði leikskólarýma, öruggri vistun og framsækinni fræðslu fyrir börn háskólastúdenta.



Stúdentagarðar gefa háskólanemum kost á hentugu og ódýru leiguhúsnæði.

Stjórnarformenn FS

- 1968-1972 Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur
- 1972-1974 Björn Bjarnason, lögfræðingur
- 1974-1976 Þröstur Ólafsson, hagfræðingur
- 1976-1978 Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur
- 1978-1980 Ásgeir Danielsson, hagfræðingur
- 1980-1981 Ragnar Árnason, hagfræðingur
- 1981-1983 Pétur J. Eiríksson, hagfræðingur
- 1983-1984 Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur
- 1984-1986 Finnur Ingólfsson, viðskiptafræðingur
- 1986-1988 Óskar Magnússon, lögfræðingur
- 1988-1989 Halldór Birgisson, lögfræðingur
- 1989-1990 Arnar Þórisson, lögfræðingur
- 1990-1992 Benedikt Bogason, lögfræðingur
- 1992-1993 Finnur Sveinsson, viðskiptafræðingur
- 1993-2001 Guðjón Ólafur Jónsson, lögfræðingur
- 2001-2002 Haraldur Guðni Eðsson, BA í heimspeki
- 2002- Andri Óttarsson, lögfræðingur

Framkvæmdastjórn FS

- 1968-1973 Þorvarður Örnólfsson, lögfræðingur
- 1973-1976 Ingólfur Hjartarson, lögfræðingur
- 1976-1978 Jóhann G. Scheving, viðskiptafræðingur
- 1978-1981 Skúli Thoroddsen, lögfræðingur
- 1981-1984 Sigurður Skagfjörð, viðskiptafræðingur
- 1984-1986 Ársell Harðarson, viðskiptafræðingur
- 1986-1990 Eiríkur Ingólfsson, viðskiptafræðingur
- 1990-1993 Arnar Þórisson, viðskiptafræðingur
- 1993-1999 Bernhard A. Petersen, viðskiptafræðingur
- 1999- Guðrún Björnsdóttir, viðskiptafræðingur



Stiklað á stóru

í sögu Félagstofnunar stúdenta

1968: Félagstofnun stúdenta tekur til starfa og tekur við rekstri Gamla Garðs og Nýja Garðs, Kaffistofu stúdenta í Aðalbyggingunni, Bóksölu stúdenta, barnaheimilisins Efri-Hlíðar og Ferðaþjónustu stúdenta.

1971: Stúdentahemilið við Hringbraut opnað. Kaffistofan í Árnagarði opnuð.

1972: Matsala stúdenta hefur starfsemi. Háskólafjölrítun hefur starfsemi.

1973: Barnaheimilið Valhöll opnað. Kaffistofan í Lögbergi opnuð.

1975: Stúdentakjallarinn tekur til starfa.

1976: Hjónagarðar teknir í notkun, alls 55 íbúðir.

1980: Ferðaskrifstofa stúdenta hefur starfsemi.

1985: Kaffistofan í Odda opnuð.

1986: Kaffistofan í Eirbergi opnuð.

1989: Vetrargarðurur fullbúinn, 90 íbúðir.

1993: Fyrsti áfangi Ásgarða tilbúinn, 27 íbúðir.

1994: Næsti áfangi Ásgarða tilbúinn, 38 íbúðir.

1995: 21 íbúð bættist við á Ásgörðum. Nýi Garður seldur HÍ. FS opnar leikskólann Sólgarð.

1996: FS opnar leikskólann Mánagarð. 17 íbúðir bættast við á Ásgörðum. Starfsaðstoð hafin í samvinnu við Hagvang.

1997: Enn einn áfangi á Ásgörðum tilbúinn, 44 íbúðir.

1998: Atvinnumiðstöð stúdenta hefur starfsemi. Fyrri áfangi Skerjagarðs tekinn í notkun, 41 íbúð.

1999: Seinni áfangi Skerjagarðs kemst í gagnið, 38 íbúðir. Ferðaskrifstofa stúdenta seld Samvinnuferðum-Landsýn.

2000: 44 nýjar íbúðir á Ásgörðum teknar í gagnið.

2001: Veitingastaðurinn Deli opnar útibú í Stúdentahemilinu við Hringbraut.

2001: Námsráðgjöf Háskóla Íslands flytur í Stúdentahemilið við Hringbraut.

2001: FS opnar nýja kaffistofu í Lækningarði.

2001: Sólgarðurur stækkar við sig og dagvistunarrýmum fjölga.

2001: Bóksalan setur alla starfsemi sína á vefinn.

2002: Efri-Hlíð verður einn af Leikskólum FS.

2002: Fyrsti áfangi stóra hússins í Ásgarðahverfinu tilbúinn, 30 íbúðir.

2002: Sólgarðurur stækkaður.

2003: Síðasta húsið í Ásgarðahverfinu tilbúið, 94 íbúðir.

2003: 10 – 11 verslun opnuð í Ásgarðahverfinu.

2003: Kaffi Náttúra opnuð í Náttúrufræðahúsi.

Til hamingju með nýja húsið!

Síðasta húsið í Ásgarðahverfinu verður vígt nú í haust en þar eru 124 einstaklingsíbúðir auk kjörbúðar sem verður 10-11-verslun. Gengið er inn af svölum þannig að hver íbúð hefur séringgang og sameign er öll í lágmarki. Íbúðirnar eru 37 fermetrar hver og hannaðar sem stúdíóíbúðir. Gert er ráð fyrir fjórum íbúðum fyrir fatlaða í húsinu. Ein er fullbúin en þremur er hægur vandi að breyta ef þörfin er fyrir hendi. Þar með eru lóðir FS á svæðinu búnar og Garðapörpið má því teljast fullbyggt.



Sveitamenn á Görðum og borgar börn

Hvernig er að búa í tvíbýli með manneskju sem maður þekkir ekki neitt? Er stanslaust partýstand á Görðum?

Er sama stemmning á öllum Görðunum? Búa einhverjir aðrir en sveitamenn á Görðum? Og þekja allir alla eða þekkir enginn neinn? Þessum spurningum og fleirum ætla nokkrir Garðbúar að svara fyrir FS-blaðið...

Fjórtán manna þorrablot

Sigríður Víðis Jónsdóttir á heima á Ásgörðum í tvíbýli ásamt annarri stúlkun, Signýju Gunnarsdóttur. Hún tekur á móti blaðamanni í heimilislegu eldhúsi sem er nánast að springa af dóti en Sigríður útskýrir fyrir mér að þær hafi báðar búið sjálfar áður og þess vegna átt fullt af eldhúsdóti:
„Sérstaklega svona plastboxum til að geyma mat í, við eigum einhver ósköp af þeim. Við vorum líka afar duglegar að elda fyrst eftir að við fluttum en þessa dagana lifi ég aðallega á fiskibollum úr dós!“

Sigríður kannaðist lítillega við Signýju úr Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi en þær urðu miklar vinkonur eftir að þær hófu sambúð.

„Svona tvíbýli virkar annaðhvort mjög vel eða bara alls ekki. Hjá okkur small þetta vel og hefur beinlínis verið gefandi. Við erum báðar hæfilega afslappaðar en finnst líka gott að hafa heimilislegt í kringum okkur. Þessi íbúð er nefnilega í meira lagi stofnanaleg þegar maður sér hana tóma, með hvítum veggjum og rauðum hurðum með númerum eins og á heimavist. Ég er líka efins um að plássíð nýtist eins vel og það gæti gert og finnst að FS mætti aðeins hugsa sig um áður en allar íbúðirnar eru hannaðar nákvæmlega eins. Það gæti verið gott að prófa ólíkar leiðir. En með smá framtaki, hengja myndir á veggina og setja pottablóm í gluggann verður þetta bara ansi notalegt.“

Sigríður og Signý bjóða fólki reglulega í mat og blaðamanni leikur forvitni á að vita hvernig sé að halda matarboð í þessu litla plássi.
„Maður lætur nú plássleysið ekki stoppa sig! Við höldum hér 13 eða 14 manna þorrablot þar sem við röðuðum bara saman eldhúsbordinu og skrifborði og bjuggum til langborð og holuðum svo fólki bara niðurl!“

Aðspurð segir Sigríður að það sé ótrúlega litill samgangur milli íbúa.

„Þetta er önnur stemmning en á hinum görðunum. Á Skerjagarði er heimavistarblær og á Hjólagörðum og Vetrargarði er mikil sameign og samgangur vegna barnanna í húsinu. Hér mætti vera meiri samgangur og jafnvel skipuleggja eitthvað sniðugt, hausthátíð, þar sem íbúar gætu komið saman og kynnst aðeins. Ég sé t.d. fyrir mér nokkurs konar stúdentadag á Görðum þar sem húsinn gætu keppt í íþróttum og öðrum kústum. Þetta myndi hrista mannskapinn saman.“

Sigríði finnst stærsti kosturinn við að búa á Görðum vera ódýr leiga, en þær Signý fá að auki húsaleigubætur, nettengingin og símsstöðin en hringingar milli Garða eru ókeypis.

Svo er líka þægilegt að búa með öðrum stúdentum, ekki þarf að hafa áhyggjur af partýhaldi og þvílíku enda almennur skilningur á því að námsmenn þurfi reglulega að skemmta sér. Versti gallinn er að búa við hliðina á nýja stóra húsinu en framkvæmdir við það hafa staðið síðan ég flutti inn fyrir tveimur árum. Ég sef með eyrnatappa undir koddanum sem ég seilist í þegar þeir byrja að vinna klukkan átta á morgnana.“

Sigríður útskrifaðist úr heimspeki og mannfræði í júní síðastliðnum og er því að flytja út af Görðunum. Fyrir liggur að vinna fram að áramótum en svo er ætlunin að fara í mikið ferðalag. Sigríði þykir líklegt að förin hefjist í Suðaustur-Asíu.

„Ég á eftir að sakna þessarar íbúðar og við Signý höfum ekki útilokað að halda sambúðinni áfram fram að áramótum þegar ég fer. Ég ætla bara að setja á mig bakpokann og halda af stað og vera á ferðinni í ótilgreindan tíma. Ég fer pottþétt í framhaldsnám síðar en í hverju á eftir að koma í ljós.“

Mánagarður frábær

Á Vetrargarði búa mæðgurnar Kolbrá Höskuldadóttir og Magdalena Sigurðardóttir. Þegar FS-blaðið ber að garði situr Magdalena sem föstust og horfir á Villta folann en Kolbrá býður upp á kaffi.

„Ég hef búið hér síðan 2001. Áður bjó ég í húsi móður minnar sem þá var í útlöndum þannig að ég gætti hússins á meðan. En ég vildi gjarnan búa sjálf og var því á biðlista eftir íbúð hér og komst inn eftir hálf t.ár. Hér eru aðallega tveggja og þriggja herbergja íbúðir.“

Kolbrá og Magdalena búa ekki aðeins í Garðahverfinu heldur er Magdalena einnig á leikskólanum Mánagarði.

„Magdalena byrjaði á leikskólanum Ægisborg enda vann ég þar en fyrir ári komst hún inn á Mánagarð. Við erum báðar mjög ánægðar með hann enda frábær leikskóli þar sem unnið er mjög gott starf með krökkunum. Ég myndi helst vilja hafa hana þar allan tímann.“

Kolbrá er í bókmenntafræði en áður starfaði hún sem tanningamaður.

„Ég er búfræðingur að mennt og vann sem tanningamaður þangað til ég lenti í því að slasast á fæti þegar hestur lenti ofan á mér. Þá ákvað ég að söðla um og hafði alltaf langað til að læra bókmenntafræði. Ég var reyndar ekki með stúdentspróf en sótti um undanþágu og komst inn. Nú á ég ár eftir og hef ákveðið að skrifa um leikritun íslenskra kvenna í BA-ritgerð, eða eitthvað því tengt.“

Aðspurðar hvort það sé gaman að búa á gördum líta þær mæðgur hvor á aðra enda er Villti folinn að klárast og Magdalena komin með meiri áhuga á viðtalinu en örlögum hestsins góða. Kolbrá verður þó fyrst fyrir svörum.

„Já, þetta er svona notaleg þorpsstemning. Á góðum sumardögum þegar fólk safnast saman úti í garðinum og grillar þá er þetta mjög gaman. Svo er þetta paradís fyrir krakka, þau geta bara skroppið fram á gang og leikið sér án þess að nokkur amist við þeim. Hér eru vinir í næstu íbúðum og verndað umhverfi.“

Magdalena hefur ýmsu við þetta að bæta:

„Já, mér finnst gaman að leika við stelpurnar í húsinu ... Kötlu, Lísöndru og Ingönnu. Við leikum okkur saman úti á gangi.“

Og með þessu rýkur Magdalena af stað og fer fram á gang að leita uppi umræddar vinkonur. Ég spyr Kolbrá að lokum hvernig hún hafi upplifað samskipti sín við FS:

„Ég hef yfirleitt verið mjög ánægð með þau enda finnst mér FS vera bæði mannleg og sveigjanleg í samskiptum. Og svo er ég mjög ánægð með Mánagarð og að búa hér.“



Nettengingin það besta

Björn Kristinsson býr í svokölluðu tvíbýli á Ásgörðum en þá búa tveir saman, hvor í sínu herbergi en deila eldhúsi og baði. Þegar blaðamaður bankar upp á er það sambýlingur Björns sem opnar á handklæði einu fata en Björn er sjálfur inni að spila á gítar. Það liggur beint við að spyrja hvort það sé ekki erfitt að búa með ókunnugum manni og hvort ekki ætti að velja fólk saman með persónuleika-prófi eða svipuðu:

„Reyndar bjó ég fyrst með kunningja mínum frá Akureyri en við sóttum um garðvist á svipuðum tíma og fengum inni á sama tíma þannig að það lá beint við að raða okkur saman. En nú hef ég fengið nýjan sambýling sem ég þekkti ekki fyrir en er samt hæstánægður með þannig að ég hef verið heppinn. Hins vegar getur maður ábyggilega verið óheppinn og kannski væri persónuleikapróf ágætis hugmynd!“

Björn er með BA-próf í ensku og stundar nú meistaranám í tungutækni. Nú í sumar vann hann við að þróa talgreini en það er tæki sem gerir tölvum kleift að skilja talað mál.

„Þetta er feykilega gaman en þetta nám sameinar áhuga minn á málvísindum og tölvum. Ég var á leið í tölvunarfræði þegar nám í tungutækni var tekið upp þannig að ég skellti mér í það.“

Upphaflega er Björn frá Akureyri og varð stúdent frá MA. Hann leigði herbergi á Bergstaðastræti fyrst eftir að hann byrjaði í HI en fékk inni á Ásgörðum hálfu ári síðar.

„Mér finnst margir kostir við að búa á Gördum. Í fyrsta lagi er það ódýrara en að vera á almenna markaðnum, t.d. borga ég minna fyrir að vera hér þar sem þó er eldhús og allt en ég borgaði fyrir þetta herbergi á Bergstaðastrætinu. Svo er nettengingin alveg frábær, munar mjög miklu að vera með situngingu og svo er þetta auðvitað nálægt skólanum og miðbænum.“

Björn flytur í einbýli með haustinu og reiknar með að verða í nýja húsinu. Honum líst ágætlega á að fá búið í húsið en finnst hún jafnvel full nálægt:

„Ætli maður hætti ekki alveg að skipuleggja sig, hlaupi bara niður á sloppnum þegar eitthvað vantar... en maður sér til!“



Gleðin sjaldnast úr böndum

Marvin Lee Dupree býr á Skerjagarði en reyndar í þeim hluta sem er leigður út til 9 mánaða og breytt í hótél á sumrin. Hann ætlar að sækja um 12 mánaða vist enda kann hann feykivel við sig.

„Þegar ég byrjaði í HÍ byrjaði ég í rafmagns- og tölvuverkfræði og leigði þá herbergi í Meðalholti. Ég er fæddur í Bandaríkjunum en bjó svo í Keflavík, reyndar með stoppi í Hollandi, og útskrifaðist úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Ég þurfti því að leita að húsnaði hér í bænum. Ég sótti um Garðvist í september 2002 og komst inn á Skerjagarð í janúar 2003 þannig að þá flutti ég úr Meðalholti og færði mig líka til í Háskólanum og skipti yfir í bókmenntafræði.“

Reyndar er ekki erfitt að draga þá ályktun að Marvin sé bókhnægður maður þar sem herbergið lítur nánast út eins og bókasprengju hafi verið varpað, það er fullt af bókum úr öllum áttum sem þekja hvern flöt. Þarna má finna fræðibækur, nýjar erlendar skáldsögur, Íslendingasögur og mikið safn vísindaskáldsagna, t.d. alls kyns forvitnilegar bækur um persónur Stjórnustríðs. Þannig að Marvin virðist hafa tekið rétta ákvörðun þegar hann valdi bókmenntafræði. En er nokkuð hægt að læra á Skerjagarði fyrir hávaða og látum?



„Já, já. Kannski er mest partýstand þarna í Garðahverfinu en herbergin eru vel einangruð þannig að maður þarf ekkert að láta það fara með sig. Auðvitað getur skeið að gleðin fari úr böndunum en það er sjaldnast. Svo er gaman að búa þarna, maður kynnist mörgum og þekkir auðvitað til margra fyrir.“

Marvin er ánægður með að búa í Garðahverfinu og finnst hann ekki hafa neina þörf fyrir bíl. Hann er einnig ánægður með að fá búð í hverfið og er almennt ánægður með FS nema honum finnst gjarna að kaffistofur FS mættu bjóða upp á valkosti fyrir grænmetisætur:

„Ég er grænmetisæta og borða t.d. alls ekki skyndibita eða slíkt og held að það myndi mælast vel fyrir hjá mörgum að auka úrval af lífrænu fæði og grænmetisfæði. Þetta er bara miklu hollari og betri matur!“

FS í takt við tímann

Guðfinnur Sigurvinsson á heima á Ásgörðum í einstaklingsbúð. Bláðamaður FS-blaðsins bankar upp á á föstudagskvöldi og er boðið upp á bjór en afþakkar (drekkur aldrei á vaktinni) en Guðfinnur er með heimsókn. Hann gefur sér samt tíma til að segja nokkur orð.

„Ég er utan af landi, eins og svo margir á Görðum, en ég er úr Reykjanesbæ. Ég gekk í Menntaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan 1999 og er núna í stjórnmaláfræði í HÍ.“

Guðfinnur hefur verið virkur í stúdentapólitíkinni í HÍ en hann var formaður Vöku og sat í Stúdentaráði. Í íbúðinni hans bjó einmitt mikil Röskvukona á undan honum.

„Já, hún skildi eftir Röskvuplakat handa mér með dagatali og það er rétt að taka það fram að ég notaði það vel!“

Áður en Guðfinnur fluttist hingað bjó hann á Skerjagarði.

„Það var allt önnur stemmning. Þar var miklu meiri samgangur enda líkara hefðbundinni heimavist en hér þar sem allir eru með sérinnangang. Þar var líka mikið stuð, t.d. árlegt Tour des chambres þar sem farið var milli herbergja og gestgjafar buðu upp á ólíka drykki. Íbúum var sem sagt skipt í hópa og lauk herlegheitunum með kappdrykju sem ég missti reyndar af, heltist snemma úr lestinni í það skiptið!“



Þeir sem búa á Ásgörðum eru meira út af fyrir sig en íbúar á Hjónagörðum, Vetrargarði og Skerjagarði en Guðfinnur segir samt ákveðna þorpsstemningu svifa yfir vötnum.

„Þó að samgangurinn sé minni hittir maður samt nágranna oft og er óhræddur við að fá lánað ef eitthvað vantar.“

Guðfinnur býr við hliðina á nýja húsinu í Ásgörðum en þar opnar 10-11 verslun með haustinu.

„Ég er mjög ánægður með að fá búð í hverfið enda hefur mér fundist það vera það helsta sem hefur vantað, að geta skroppið út eftir daglegum nauðsynjum og þurfa ekki að fara lengri leiðir. Annars er staðsetning Garðahverfisins alveg frábær. Ég á t.d. ekki bíl og finnst ég ekki þurfa slíkan enda er maður í göngufæri við skólann, miðbæinn og alla þjónustu.“

Guðfinnur er ánægður með afmælisbarnið FS:

„Mér finnst Félagsstofnun stúdenta vera öflug og góð stofnun. Þegar ég starfaði í alþjóðanefnd Stúdentaráðs komu hingað útlendir gestir og það verður að segjast að þeir voru mjög hrifnir af uppbyggingunni hér á Garðasvæðinu, af íbúðunum, af nánd hverfisins við Háskólann og því að stúdentar reki tvo leikskóla í hverfinu. Þeim fannst þetta alveg frábært, m.a.s. stúdentum frá öðrum Norðurlöndum, eins og Svíþjóð. Þannig að mér finnst FS standa sig vel í að reka öflugt starf í takt við tímann.“



Loksins kominn kaupmaður á hornið

10-11 með verslun í Garðahverfinu

„Kjörbúð“ er líklega algengasta svarið þegar spurt hefur verið hvað vanti í Garðahverfið. Og nú, loksins, loksins, hefur þessi ósk fjölmargra stúdenta verið uppfyllt. Nýja húsið á Eggertsgötu 24 verður vígt í byrjun september og upp úr miðjum nóvember verður opnuð 10-11-verslun á jarðhæð hússins. Skrifað var undir samninga þess efnis undir lok ágúst mánaðar.

Þessi nýja 10-11-verslun verður sú minnsta á höfuðborgarsvæðinu, eða 130 fermetrar. Því verður mikið lagt upp úr því að skipuleggja verslunina vel með þarfir stúdenta í huga. Þannig fær verslunarstjóri nokkuð frjálssar hendur við að laga vöruúrval og aðra þjónustu að viðskiptavinum. Boðið verður upp á gott úrval af allri almennri matvöru og auk þess verður áhersla lögð á gott úrval af grænmeti og ávöxtum. Sérstaklega verður hugað að því að bjóða upp á vörur í litlum pakkningum sem henta vel einstaklingum og smærri fjölskyldum.

Mjólkurvörur verða á sínum stað og mikið úrval verður af hvers konar tilbúnum mat sem ætti að henta vel námsmönnum á ferð og flugi. Stefnt er að því að hafa salatbar en einnig verða alls konar aðrir tilbúnir réttir til sölu.

Hægt verður að kaupa margs konar brauðmeti og sætabrauð sem verður bakað í búðinni og þá verður hægt að kaupa sér gott kaffi og setjast niður í rólegheitunum með kaffibolla og kíkja á netið. Gott úrval verður af gosdrykkjum, sælgæti og snakki enda nauðsynlegur fylgifygur próflesturs og andvökunóttar. Þegar á liður er hugsanlegt að opnuð verði myndbandaleiga í kjallaranum.



Skrifað undir samning um verslun 10-11 að Eggertsgötu 24.

Opið verður fyrst um sinn frá 9 á morgnana til 12 á kvöldin en reynt verður að laga afgreiðslutímann að þörfum stúdenta. Stúdentum og öðrum viðskiptavinum verður boðið að koma með athugasemdir og ábendingar í svokallaða málþípu sem er sérstakur hugmyndakassi 10-11-verslananna.

Segja má að með þessari verslun sé verið að hverfa að nokkru leyti aftur til kaupmannsins á horninu þar sem áhersla er lögð á persónulega þjónustu enda má hugsa sér búðina eins og þorpsverslun í Garðahverfinu.

Þjónusta við stúdenta í Garðahverfinu er því orðin mun meiri og fjölbreyttari. Forystumenn 10-11-búðanna eru mjög spenntir yfir verkefninu og líta á þetta sem frábært tækifæri til að þróa búðirnar í þá átt að þjónustan verði persónulegri og vöruúrval sérhæfðara.



Á Íslandi eru hlutfallslega margir háskólanemar foreldrar. Félagstofnun stúdenta hefur komið til móts við þarfir nemenda í þessum efnum og rekur nú þrjá leikskóla; Mánagarð, Sólgarð og Efri-Hlíð. Spjallað er við leikskólastjóra Mánagarðs annars staðar í þessu blaði en rétt er að velja athygli líka á starfsemi Sólgarðs og Efri-Hlíðar.

Sólgarður

Sólgarður er ætlaður börnum frá sex mánaða til þriggja ára. Sólgarður var stofnaður 1995 en hann var nýlega stækkaður mikið. Leikskólinn er til húsa á neðri hæð Vetrargarðs á Eggertsgötu 8. Boðið er upp á heilsdagsvistun fyrir 51 barn. Leikskólinn er skipulagður með þarfir ungra barna í huga og er leitast við að hafa starfið skipulagt og reglulegt til að andrúmsloftið sé þægilegt og öruggt fyrir börnin. Sólgarður er eingöngu ætlaður börnum nemenda í Háskóla Íslands.

Efri-Hlíð

Efri-Hlíð er einnig ætluð yngri börnum. Þegar Félagstofnun stúdenta var stofnuð 1968 fór hún að reka leikskóla í þessu húsi sem er gamalt timburhús við Stigahlíð. Síðar tóku Leikskólar Reykjavíkur við rekstrinum þangað til FS tók aftur við honum í fyrra. Á leikskólanum eru tvær deildir fyrir samtals 20 til 25 börn. Lögð er áhersla á hlýlegt og heimilislegt andrúmsloft. Efri-Hlíð er eingöngu ætluð börnum nemenda í Háskóla Íslands.

Leikskólar FS...

... fyrir börn af öllum stærðum og gerðum







Heilbrigð sál...

...í hraustum líkama

Í júní var haldin íþróttahátíð á Mánagarði. Þar spreyttu börnin sig á ýmsum íþróttagreinum og hljóp mörgum kapp í kinn. Í lokin var hátíðleg verðlaunaafhending og þar fengu allir verðlaunaþening fyrir þátttökuna. Mörgum leist vel á þeninginn enda alltaf gaman að fá medalíu fyrir árangur og afrek á íþróttasviðinu.



Leikskólinn Mánagarður er stærsti leikskóli FS en hann er til húsa á Eggertsgötu 34. Börn stúdenta hafa þar forgang en þau eru um 90% barnanna. Blaðamaður FS-blaðsins fór á stúfana, einu sinni sem oftár, og kom að máli við leikskólastjóra Mánagarðs, Kolbrúnu Haraldsdóttur, og reyndi að grafast fyrir um hvort þessi blessuð stúdenta-börn væru ekki óalandi og óferjandi.

Börnin læra margt...

... á Mánagarði

Þegar blaðamaður ber að garði er rólegt á Mánagarði enda sumarfrí á næsta leiti og margir foreldrar búnir að taka börnin í frí.

„Börnin verða að taka fjögurra vikna samfelld frí en við lokum skólanum aðeins í tvær vikur á sumri þannig að foreldrar geta hagað sínu fríi í kringum það.“

Engin ein kenning rétt

Á Mánagarði eru þrjár deildir. Tröllahellir og Hulduhóll eru fyrir eldri börn á aldrinum 2 og hálfis árs til 6 ára en Álfasteinn er fyrir yngri börn. Nöfn deildanna vísa í íslenska þjóðtrú en á Mánagarði er lögd áhersla á að börnin læri margt í gegnum leik.

„Við fylgjum hér kenningum Johns Deweys en hann telur að börn læri mest með því að gera hlutina sjálf, „learning by doing“ kallast það á ensku. Annars reynum við að reka okkar eigin sjálfstæðu stefnu með því að taka margt af því besta úr ýmsum ólíkum kenningum. Við teljum að í uppeldismálum sé engin ein kenning rétt en sjálfsagt að nota ýmsar ólíkar aðferðir enda eru þá meiri líkur á að hver og einn einstaklingur fái notið sín. Til að mynda erum við með eina leikfangalaus viku í hverjum mánuði sem er innblásið af hjallastefnunni. Hins vegar eru hér margvísleg leikföng og ég sé ekkert að því að nota leikföng í þroskaferlinu rétt eins og margt annað.“

Heimspékilegar umræður

Og börnin kynnast svo sannarlega ýmsu með því að gera sjálf og leika sér á Mánagarði. Til að mynda er forlata stimpilkukka á leikskólanum sem virkar þannig að hvert barn teiknar sitt hús og svo er mynd af leikskólanum. Þegar börnin komna á leikskólann færa þau nafnið sitt úr húsinu sínu yfir í leikskólann. Og þar með eru þau mætt til starfa. Þá er farið yfir ýmsa hluti, til að mynda markvissa málörvun og talnaþroska en stafirnir eru kynntir börnunum þegar þau eru orðin fjögurra ára. Þá er unnið með rúmmálsskynjun með því að láta börnin flokka hluti eftir litum, stærð og lögun.

„Svo er gaman að segja frá því að við erum með einn heimspékimenntaðan starfsmann sem tekur krakkana í heimspékítíma. Þá er þeim skipt upp þannig að það eru bara nokkur börn í einu að tala um ýmis mál, glíma við rökþrautir og annað og þetta hefur mælst vel fyrir. Ýmsar skemmtilegar spurningar hafa komið upp. Til að mynda spurði eitt barnið hvernig guð hafi getað dáið ef hann hafi aldrei fæðst. Svo sá ég þessa sömu spurningu í bókinni sem Vísindavefur HÍ gaf út þannig að hér brenna ýmsar mikilvægar spurningar á börnunum!“

Alls starfa 17 manns á Mánagarði, þar af eru fjórir leikskólakennarar, einn uppeldisfræðingur, einn heimspékingur og einn þroskaþjálfari. Allir hafa starfsmennirnir mikla reynslu af því að vinna með börnum og Kolbrún er ánægð með sitt lið.



„Hér er mjög góður andi og það er litil hreyfing á starfsfólki, ég held ég hafi síðast þurft að ráða manneskju fyrir tveimur árum! Þá er ég mjög ánægð með að hafa starfandi þroskajálfa við skólann. Hún hefur verið að vinna með tvítyngdum börnum en þau eru nokkur hér, t.d. frá Rússlandi, Póllandi og hvaðanæva úr heiminum. Þá hefur hún verið að vinna með barni með einhverfueinkenni og mér finnst sú vinna mjög góð. Það væri æskilegt að þetta væri gert á öllum leikskólum.“

Landnám og lýðræði

Á Mánagarði eru 66 börn. Þegar þau ljúka náminu í leikskólanum er haldin útskrift þar sem þau fá viðurkenningu og blóm eins og í „alvöru“ skóla og þá fá þau einnig möppu með ýmsum ljósmyndum úr leikskólasterfinu. Útskriftar-gangurinn vinnur enn þróaðri verkefni en hinir og reynt er að leggja upp heildstæð verkefni sem hægt er að nálgast eftir ólíkum leiðum.

„Útskriftarhópurinn núna hefur verið að vinna verkefni eftir hugmyndum Herdisar Egilsdóttur en það gengur út á að hópurinn nemur land, rétt eins og Ingólfur forðum, og þau þurfa að gera allt frá grunnni, ákveða hvernig landið litur

út, hvað það eigi að heita, hvernig dýra- og plöntulíf sé og hvernig eigi að byggja upp samfélag. Allt er ákveðið á lýðræðislegan hátt með því að greiða atkvæði og svo eru sett lög, ákveðnar starfsskyldur og kosid til embætta. Þegar þau voru að ákveða hvað forsætisráðherra landsins ætti að gera var einn sem stakk upp á því að hann sæi um að stjórna stórum fundum og kenndi fólki að setja kross við D! Nú, svo völdu þau sér störf sem þau vildu sjálf vinna og í framhaldinu fórum við og heimsoöttum vinnustaði þar sem slík störf eru unnin, t.a.m. lögreglustöðina, sjúkrahús, bakarí og trésmiðju. Einn vildi reyndar vera þjófur til að lögreglumaðurinn hefði eitthvað að gera en við heimsoöttum engan slíkan vinnustað!“

„Þegar þau voru að ákveða hvað forsætisráðherra landsins ætti að gera var einn sem stakk upp á því að hann sæi um að stjórna stórum fundum og kenndi fólki að setja kross við D!“

Útskriftarhópurinn fer svo í útskriftarferð og var að þessu sinni farið á Akranes og Byggðasafnið, Steinaríkið og Landmælingasafnið skoðuð. Endalust væri hægt að telja upp öll önnur skemmtileg verkefni sem unnin eru á Mánagarði en það væri líklega til að æra óstöðugan. Gaman er þó að segja frá því að lokum að Mánagarður er umhverfisvænn leikskóli og börnin flokka rusl og safna matarleifum og öðrum lífrænum úrgangi í haug. Hér er því margt brallað og krakkarnir læra mikið, ekki síður en mamma og pabbi gera í sínum skóla.

Fjölbreytt verkefni hljóta styrki

Verkefnastyrkir Félagsstofnunar stúdenta eru veittir þrisvar á ári. Tveir við útskrift að vori, einn í október og einn í febrúar. Nemendur sem eru skráðir til útskriftar hjá Háskóla Íslands og þeir sem vinna verkefni sem veita 6 einingar eða meira í greinum þar sem ekki eru eiginleg lokaverkefni geta sótt um styrkinn. Markmiðið með Verkefnastyrk FS er að hvetja stúdenta til markvissari og metnaðarfullri lokaverkefna og koma frambærilegum verkefnum á framfæri. Styrkurinn nemur 100.000 krónum.

Vatnafar Skaftár

Í október 2002 hlaut Ríkey Hlín Sævarsdóttir styrk fyrir BS-verkefni sitt í jarðfræði, „Grunnvatn og vatnajarðfræði Skaftárvæðisins“. Verkefnið fól í sér atvuganir á grunnvatni og vatnafari á vatnsviði Skaftár. Það myndar grunn fyrir gerð vatnafarslíkans af svæðinu og er nú nýtt af Landsvirkjun í tengslum við hugsanlega gerð Skaftárveitu. Verkefnið var unnið á Vatnamælingum Orkustofnunar þar sem unnið var úr gögnum frá sumri 2000 til hausts 2002 en rannsókn á fold á svæðinu fór fram sumrin 1999 - 2001. Leiðbeinendur verkefnisins á Orkustofnun voru Freysteinn Sigurðsson, vatnajarðfræðingur, og Kristinn Einarsson, sem jafnframt var yfirverkefnisstjóri af hálfu Vatnamælinga. Leiðbeinandi á vegum Háskóla Íslands var Stefán Arnórsson, prófessor í jarðfræði.

Lausavísur í handritum

Í febrúar 2003 hlaut Yelena Yershova styrk fyrir MA-verkefni sitt í íslenskum bókmenntum, „Rýnt í myrkrið: Íslenskar lausavísur frá 1440 – 1550“. Verkefnið fjallar um lausavísugerð sem ætíð hefur verið vinsæl með íslensku þjóðinni, bæði sem þjóðaríðkun og þjóðlist. Verkefnið er brautryðjendaverk en erfitt hefur verið að gera grein fyrir lausavísunagerð á þessu tímabili þar sem heimildir eru ófullkomnar og vandmeðfarnar og tímabilið eitt helsta umbrotatímabil íslensks kveðskapar. Yelena setti sér það markmið við vinnuna að leita að lausavísu í handritum og prentuðum heimildum og uppskar ríkulegar en búist var við í upphafi en um 70 vísur fund-

ust þegar upp var staðið. Aðalleiðbeinandi verkefnisins var Guðrún Nordal, dósent í íslenskum bókmenntum.

Vændi og viðskipti

Í júní 2003 voru tveir styrkir veittir. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir hlaut styrk fyrir MA-verkefni sitt í félagsfræði, „Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess“. Markmið rannsóknarinnar, sem stóð í rúm þrjú ár, var tvíþætt. Annars vegar var leitast við að lýsa vændi meðal ungs fólks á Íslandi og athuga hvernig það birtist og hins vegar að rannsaka með tölfræðilegum hætti félagslegt umhverfi framhaldsskólanema sem þegið hafa greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök. Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og er því fyrsta skrefið í að afla fræðilegrar þekkingar sem nýst getur til stefnumótunar á þessu sviði. Niðurstöðurnar bæta við fyrri rannsóknir og draga fram hvernig þrjár félagsfræðilegar kenningar um frávikshögðun varpa ljósi á hvernig kynferðisleg misnotkun í æsku eykur líkur á vændi á unglingsárum. Leiðbeinandi Bryndísar Bjarkar var Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði.



Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Davíð Rúðólfsson taka við styrkjum sínum úr hendi Andra Óttarssonar stjórnaformanns FS



Yelena Yershovaveitir styrk sínum viðtöku



Ríkey Hlín Sævarsdóttir tekur við verkefnastyrk FS

Að spila með

... fyrir sjálfan sig og samfélagið allt



Ef ég ynni í happdrættinu myndi ég kaupa indverskan fíl og rauðan bíl, fara í heimsreiðu til Færeyja, halda teiti með pylsum og öli fyrir vini og vandamenn og gefa smá til góðgerðarmála.

Hver hefur ekki hugsað þetta hundrað sinnum þegar mánaðamót nálgast og maður á ekki bót fyrir rassinn á sér? Og ótrúlegt en satt, í hverjum mánuði vinna menn og konur um allt land milljónir í **Happdrætti Háskóla Íslands**. Happdrættistromlurnar og teningastokkurinn hafa yfir sér ákveðinn töfraljóma og vöktu mikla athygli á Vísindamaráðuneyti Háskólans sem haldið var á síðustu menningarnótt í Reykjavík.

En það sem gleymist stundum er að í Happdrætti Háskóla Íslands vinna ekki bara einstaklingar. Samfélagið allt græðir.

Án Háskóla Íslands væri íslenskt samfélag sennilega allt annað samfélag en það sem við þekkjum. Háskólinn sér ekki aðeins um að koma Íslendingum til mennta og virkja mannauðinn; hann miðlar líka þekkingu til alls almennings, er alþjóðlegur brautryðjandi í rannsóknum á ýmsum sviðum og hefur þannig stuðlað að bættum lífsgæðum og innihaldsríkari tilveru fyrir óteljandi Íslendinga.

En þó að Háskólinn sé fyrst og fremst fólkið og starf þess þarf þetta sama fólk auðvitað húsnæði og búnað. Og hvernig á að bjarga því?

Undanfarin ár hefur framlag Happdrættis Háskóla Íslands til skólans verið um 350 milljónir króna á ári og heldur farið vaxandi.

En hefur þetta alltaf verið svona?

Árið 1934 fékk Happdrætti Háskóla Íslands einkaleyfi til að reka peningahappdrætti á Íslandi. Árlega greiðir Happdrættið 20% af hagnaði sínum í gjald fyrir þetta leyfi.

Happdrættið hefur fjármagnað nær allar nýbyggingar Háskólans, allt frá Aðalbyggingu til Náttúrufræðahúss, sem verður opnað nú á haustmánuðum.

Þá hefur Happdrættið einnig fjármagnað viðhald bygginganna. Háskóli Íslands er til húsa í um 30 byggingum og því er viðhaldskostnaður umtalsverður en metnaður hefur verið lagður í að byggingum sé vel við haldið.

Þá má ekki gleyma ýmsum búnaði en undanfarin 10 ár hafa verið keypt rannsóknartæki fyrir um 510 milljónir af happdrættisfé.

Allt þetta hefur Happdrættið gert og það þó að 70% af tekjum þess séu greidd út í vinninga. Af þeim 30% sem þá standa eftir er reksturinn greiddur og afgangurinn rennur svo beint til Háskólans.

Á Norðurlöndum erum við svo heppin að nánast allir þeir sem vilja, eiga kost á því að stunda háskólanám, án tillits til efnahags. Engin eiginleg skólagjöld eru við Háskóla Íslands en menntunin stenst eigi að síður fyllilega alþjóðlegan samanburð. Þegar stúdentar útskrifast kjósa sumir þeirra að kaupa sér miða í Happdrætti Háskóla Íslands og styrkja þannig Háskólann um 800 krónur á mánuði. Þetta tilheyrir ákveðnum lífsstíl og þannig endurgjalda útskrifaðir nemendur skólanum að hluta fyrir menntunina — og svo hafa auðvitað einhverjir heppnir getað farið til Færeyja og keypt sér indverskan fíl!

Carta Universitatis

Finna faldi fjársjóður & Félagstofnunar stúdentar



Neshagi
Alþjóðaskrifstofa



Hagi



Hér eru eitru í

Endurmenntunastofnun
Endurunnir máttsmenn



Has

VR I-III
Raunheimar ~ Varid þad sýnist
Hér er allt eirs og VR II

Kulur



Tekrigardur



Annagardur
Hjallur gannalla skóðing
sem daiskir, sjörpvað
Stálu frá Íslending
~ sjörnuvikir

Skerjagardur



Solagardur

Hjónagardur



Suðurgata
gull

Vetrargardur
Lilur sjöran
ingjar

Oddi
Hér teja menn
þegningu en ef
geðheilsuna
þu estur en
Stutt & salfræðingur




Lagaflakjustigun
þu er villingjarn

Mannagardur
Funglön
Norrona
Fúsið
Varid vikings

Náttúrufredahús



Ranghalar
fimmundan



Norrona
tjörn



Barrensás

Skogarbúð
Hér eru skokkar
teygir og





Háttarætti
Háskóla
Íslands

Liðið er lotteri
já, það er lotteri!

Þjóðarþekking
Eitt ramngendasta
í veröldinni, bæði búið
Varnargardi og síki

Rannvera

Tjarnargata

Jungurvoða
námsmannsins

Andastofnun
þer fast mestri við
rannveruleikann,
þá skritun
olabíó



Þjóðarþekking

Þjóðminjasafn

Kuml og hangfe

Hér eru nemendur
fjólmenntir eins og
sild í tunnu

Atalbygging
Þorunn Pálar ~ þar eiga
gudfræðingar aðsetur
og þar er Kapellay

Þingeyri
Caribbean



Jafnþekking
Þar verða fjárfjótur
Kortin



16 þrep
underskugga
eikarþes

Þróttabú
þar er



Lögberg
þar á réttileið heima



Hvort þú ert í roki



Stúdentahemilið
Fakinn fjárfjótur
á Háskólanæði



Við gæmur

Sæmundargata

gafir afri
júkra ~
Heimili Eiriks blá-
Zannar og annarra
(Zannar) lækna

Eirberg
þjúkrum sjúkna
sjófarenda

Gamli gæmur

Blábjörn



Lífisins ógusjör

Náttúrufræðihúsið verður opnað í haust og fyrsti áfangi byggingarinnar tekinn í notkun, stúdentum öllum til mikillar gleði. FS ætlar að opna nýja kaffistofu í Náttúrufræðihúsinu og verður hún með öðru sniði en þær sem fyrir eru. FS fékk menntaðan matreiðslumann til að sjá um kaffistofuna og verður hún opin öllum, jafnt stúdentum sem almenningi, og ber nafnið Kaffi náttúra. Nafnið vísar bæði til staðsetningar kaffistofunnar og til veitinganna en áhersla verður lögð á hollustu og ferskleika.



náttúra

Gott er að borða gulrótina, grófa brauðið, steinseljuna

Anna Sigríður Jóhannesdóttir verður yfirmaður á kaffistofunni. Hún lærði matreiðslu á Glóðinni í Keflavík og hefur búið þar undanfarin ár. Upprunalega er hún þó frá Dalvík. Hún var búin að ákveða að flytja til Reykjavíkur sökum þess að maðurinn hennar er að fara í nám við Háskóla Íslands. Hún rambaði inn á skrifstofur FS vegna þess að þau munu búa á Stúdentagöðrum og eftir langt samtali við Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra FS, varð úr að Anna Sigríður sæi um nýju kaffistofuna!

„Þetta gerðist eiginlega mjög hratt en ég er mjög spennt fyrir þessu. Kaffistofan er á frábærum stað í húsinu, austan megin á jarðhæð, og út um gluggana getur fólk horft yfir Vatnsmýrina. Framboðið verður sniðið að nemendum dagsins í dag sem eru kannski upp undir átta til tíu tíma í skólanum og þurfa því hollan og næringarríkan mat.“

Spennandi skyrdrykkir

Anna Sigríður hyggst bjóða upp á ýmsar nýjungar. Meðal þeirra verða skyrdrykkir sem eru hrærðir saman úr skyri, klaka og ferskum ávöxtum og getur hver og einn valið sína blöndu.

„Skyrdrykkir eru bæði nærandi og seðjandi auk þess sem þeir eru mjög bragðgóðir. Slíkur drykkur og kannski ein brauðsneið er finn endingargóður hádegismatur.“

Meðal annars sem verður í boði verður ný súpa á hverjum degi og verður áhersla lögð á grænmetissúpur. Þá verður einnig hægt að kaupa fjölbreytt, köld pastasalöt og kalda grjónarétti. Gróft brauð verður bakað á staðnum og hægt verður að fá gott úrval af brauði með nýstárlegu áleggi, t.d. bökuðu eggaldini, hummusi og tapenade. Þá verður einnig boðið upp á grillað panini, burritos með kjúklingi og grænmeti og tortillakökur.

Hollt og kolvetnisríkt

„Ég legg áherslu á kolvetnisríkt en hollt fæði og reyni að ýta smjörinu og majonesinu út af dagskrá. En svo verður auðvitað hægt að fá sætabrauð líka enda ekkert alvöru kaffihús án þess að hægt sé að fá kökur. Það verður líka bakað á staðnum og við byrjum smátt, á nokkrum tegundum, en sjáum svo til með eftirspurnina. Þá verður hægt að fá margs konar kaffidrykki, bæði venjulegan uppáhelling en líka kaffi latte, cappuccino og fleira.“

Reynt verður að halda verðinu niðri en þó má reikna með að það verði eitthvað hærra en á hefðbundnum kaffistofum FS enda framboðið annars eðlis. Kaffistofan verður opnuð um leið og húsið, og verður fyrst um sinn opið frá níu á morgnana til 16 á daginn. Kaffistofan er opin nemendum úr öllum deildum sem og öðrum enda er ætlunin að hún verði líka kaffihús fyrir almenning.

Í Bóksölu stúdenta starfa á annan tug manna að því að veita sem best úrval fræðibóka á öllum sviðum, á sem lægstu verði. FS-blaðið fór á stúfana eina ferðina enn til að kynnst einhverju af þessu fólki betur og ákvað að þessu sinni að heyra í ungmennafélagi Bóksölnnar og tala við þá starfsmenn sem yngstir eru að árum.



Bækur best

Spjallað við bókaorma sem lesa bækur, selja bækur, skoða bækur...

Ljóst er að starfsmenn Bóksölnunnar eru aldri upp við stundvísu því að þau koma öll stundvíslega til fundar við blaðamann á ónefndu kaffihúsi í miðbænum. Þetta eru þau *María Gestsdóttir, Bergsteinn Sigurðsson, Kristín Nanna Vilhelmsdóttir og Krista Jónsdóttir*. Það fyrsta sem blaðamaður spyr að, eftir að allir hafa fengið sitt kaffi, er af hverju þetta fólk hafi viljað vinna hjá Bóksölnunni.

María: Já, ég byrjaði að vinna hér strax eftir stúdentspróf, en ég þekkti til Bóksölnunnar, þar sem systir mín hafði áður unnið þar. En ég hef unnið í Bóksölnunni frá 1998, reyndar með hléum, þar sem ég hef líka stundað nám í spænsku og bókmenntafræði.

Nanna: Mig vantaði vinnu með skólanum en ég er að læra bókmenntafræði og fannst vinna í bókabúð mjög áhugaverð! Svo hefur mér alltaf þótt Bóksala stúdententa skemmtileg búð en ég byrjaði að koma héra áður en ég byrjaði í HÍ.

Krista: Ég útskrifaðist úr mannfræði en er mikil bókakona og fannst spennandi að vinna í bókabúð á meðan ég væri að ákveða mig hvað ég ætlaði að gera. Svo hef ég unnið áður í bókabúð, reyndar ekki Bóksölnunni, og sótti bara um af rælni.

Bergsteinn: Ég segi það nú líka, ég sótti um svona til að prófa þegar ég var að skrifa BA-ritgerð í sagnfræði. Ég vildi reyndar halda mig nærri háskólasamfélaginu því að ég hafði hugsað mér að fara í meistaranám í sagnfræði og fannst gott að viðhalda tengslunum við háskólasamfélagið. Og nú fer ég sem sagt í framhaldsnám hér heima í haust.

Völundarhúsið undir Bóksölnunni

En er gaman að vinna í Bóksölnunni?

María: Já, ég myndi segja að Bóksalan væri skemmtilegri og fjölbreyttari en venjulegar bókabúðir. Við þjónum náttúrulega öllum háskólum á Íslandi, mörgum framhaldsskólum og öllum pantanir fyrir bæði Borgarbóksafnið og líka að miklu leyti Háskólabókasafnið þannig að maður fylgist með því sem er efst á baugi í fjölmörgum fræðigreinum.

Nanna: Já, ég get verið sammála því að þetta er skemmtilegur vinnustaður og mikil breidd í starfinu.

En geta vinnudagar í Bóksölnunni orðið dramatískir þegar bókapantanir klinka eða einhverjar álika hörmungar verða?

Krista: Já, fyrirleitt er þetta mjög gaman en það eru auðvitað mjög áhugaverðir karakterar sem vinna þarna, við meðtalin...

Bergsteinn: Það sem kom mér eiginlega mest á óvart við að vinna í Bóksölnunni að það er svo mikið starf unnið sem maður veit ekkert af sem venjulegur viðskiptavinur. Nú er til dæmis allt á fullu við að panta inn bækur fyrir haustið og við erum á fullu niðri í kjallara að taka við pöntunum, skrá þær inn og fleira, þó að það virðist ekki vera mikið um að vera uppi við svona á sumrin.

Nanna: Já, of oft eru pantanirnar mjög stórar og mikið verk að taka við þeim, við fáum kannski tólf tonn af bókum í einu.

Bergsteinn: Reyndar fékk ég hálfgerð sjokk þegar ég sá kjallarann í fyrsta sinn og hann var þetta líka bókum troðna flæmi. Þegar ég byrjaði var nýbúið að taka við stórra pöntun, búið að troða ellefu breittum af bókum inn með því að yfirstiga öll rúmfræðileg lögmál og kjallarinn orðinn eins og bókavölundarhús.

Stærðfræðibókina, takk

En hvernig er kunnarnir?

Nanna: Þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir.

Krista: Við höfum marga fastakúna, sem eru alls konar fólk, ekki endilega kennarar eða nemendur. Hins vegar eru kannski of fáir sem átta sig á því að Bóksalan er ekki aðeins ætluð háskólastudentum heldur er hún líka venjuleg bókabúð sem selur skáldsögur, ritföng og margt fleira.

Nanna: Já, ég er oft spurð hvort það sé í lagi að fólk versli hjá okkur sem er ekki í

Háskólanum. Auðvitað er það velkomið, því fleiri, því betra. Sérstaklega mætti fólk hafa það í huga fyrir jólin að í Bóksölnunni er engin jólaös, ekkert stress, ekkert vesen ... sem sagt mjög huggulegt að versla í Bóksölnunni!

Krista: Svo koma náttúrulega rosalegar tarnir á haustin og eftir jól þegar fólk er að byrja í skólanum en það er reyndar oft minnst vesen þegar það er mest að gera.

María: Þá koma hins vegar oft undarlegustu beiðnir frá kúnum, eins og þegar einhver kemur og biður um stærðfræðibókina, með ákveðnum greini, en veit svo ekkert meira um hana.

Bergsteinn: Já, fólk kemur kannski, veit ekki í hvaða námskeiði bókin er kennd eða hver kennir hana en getur sagt að bókin sé blá. Merkilegt nokk þá finnum við samt oft réttu bækurnar...

En hvað er skemmtilegast við vinnuna?

María: Já, ég vinn ekki frammi heldur vinn við að panta bækur og borga reikninga — sem er auðvitað mjög skemmtilegt! En almennt séð er auðvitað gaman að vinna hjá svona framsæknu fyrirtæki eins og Bóksalan er. Við vorum t.a.m. fyrsta fyrirtæki á Íslandi til að setja upp heimasíðu og erum enn sem komið er eina vefbókabúð landsins. Þannig að það er gaman að vinna í metnaðarfullu umhverfi.

Bergsteinn: Ég get s.s. ekki nefnt neitt eitt en flest er skemmtilegt ef það er skemmtilegt fólk í kringum mann sem er oftast raunin í Bóksölnunni.

En hvað geriði þegar þið komið heim á daginn? Fariði þá að lesa?

Bergsteinn: Já, já, það eru bækur kvölds og morgna... Núna er ég t.d. að lesa *Brúna á Drínu*, sem ég mæli hiklaust með.

Krista: Já, ég les mikið af fantasíubókmenntum og er núna að lesa bók eftir *David Eddings* sem ég mæli eindregið með.

Nanna: Ég er með margar í gangi núna, er m.a. að lesa tvær fantasíubækur og svo var ég að klára nýju *Harry Potter*-bókina.

María: Jú, ég les mikið, alls kyns bókmenntir, og er núna að lesa smásögur eftir *Julio Cortazar*.

Hörðu efnin í bókaheiminum

Eru fantasíubókmenntir mest spennandi um þessar mundir?

Krista og Nanna kinka kolla ákaft en Bergsteinn og María eru ekki á sama máli.

Bergsteinn: Fantasíu og vísindaskáldsagnadeildin er svona gæludeild Bóksölnunnar en mér sýnist sem svo að ef líkja má bókaefni við dópfinn þá er fíknin í vísindaskáldskap sambærileg við neyslu á krakki og heróini... þetta eru svona hörðu efnin í heimi bókmenntanna!

Krista og Nanna eru þessu greinilega ekki sammála og blaðamanni dettur í hug að hugsanlega hafi hann þarna fundið sálufélaga sína og fetar sig því varlega yfir í næstu spurningu.

Horfið þið þá kannski á *Star Trek*?

Krista: Besta sápuópera sem hægt er að horfa á.

Umræðurnar taka að snúast um *Star Trek* en brátt ákveður blaðamaður að þetta gangi ekki lengur og spyr um framtíðaráform þessara fjögurra bóksala.

Bergsteinn: Já, ég er á leið í meistaranám í sagnfræði í haust en verð líklega áfram í hlutastarfi í Bóksölnunni.

Nanna: Ég klára vonandi bókmenntafræðinám í febrúar en reikna með að vera enn um sinn áfram í Bóksölnunni.

Krista: Ég er að hætta, a.m.k. í bili og á leið til Danmerkur til að vinna og komast inn í dönskuna.

María: Í framtíðinni er stefnt á framhaldsnám í einhverju tengdu bókmenntum en hvar, hvenær og hvernig er óljóst enn.

Og með þessum orðum sleppir blaðamaður hendinni af ungmennafélagi Bóksölnunnar og leyfir því að ganga út í sumarið — ábyggilega til þess eins að fara heim að lesa.

Ísl. bækur
10%
afsláttur

Bókaverð óbreytt

Stúdentar geta glaðst þessa dagana því að kennslubóka-
verð verður lítið breytt í haust frá fyrra ári, þrátt fyrir
gengissveiflur og verðþróun í útlöndum. Sumum finnst
ef til vill nóg um þá peninga sem fara í kennslubækur
samt en rétt er að benda þeim á það að fyrir tveimur ár-
um voru bækur 10 - 15% dýrari en nú.

Þegar rætt er um kennslubækur er átt við erlendar
bækur enda eru þær rúm 70% af þeim bókum sem
kennar eru. Bækurnar byrjuðu að streyma inn í Bók-
söluna í byrjun júlí og má búast við því að margir
námsmenn byrji að fjárfesta í bókum strax í ágúst
enda ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Oftast ódýrust

Eins og kom fram í verðkönnun FS-blaðsins í fyrra
stendur Bóksala stúdenta sig vel í því að halda bóka-
verði niðri og var oftast með lægsta verðið — en verð
var t.a.m. kannað hjá vinsælustu erlendu netbókabúð-
unum. Reinhard Reinharðsson, verslunarstjóri Bóksöl-
unnar, bendir einnig á að það sé ekki sjálfgefið að
maður spari þótt maður kaupi bækur sjálfur í útlönd-
um snemmsumars (og sleppi þar með við sendingar-
kostnað) þar sem oft komi nýjar útgáfur af kennslu-
bókum hjá forlögnum seint á sumrin og slíkt komi
ekki í ljós fyrr en í ágúst.

Bókalistar á netinu

Bóksalan vinnur bókalista fyrir Háskóla Íslands og sér
alfarið sjálf um að afla upplýsinga fyrir þessa lista.
Nemendum er því bent á að fara á
vef Bóksölnnar, [www.bok-
sala.is](http://www.bok-
sala.is), þar sem bóka-
listarnir eru að-
gengilegir frá
b y r j u n
ágúst.





Draumurinn um Háskólatorg

Hugmyndir um Háskólatorg hafa lengi verið á döfni en upp á síðkastið hafa þær fengið byr undir báða vængi, m.a. vegna þróunar kennsluhátta, aukinna alþjóðlegra tengsla og vaxandi þýðingar háskóla í samfélögum nútímans. Gert er ráð fyrir að Háskólatorg verði 4-5000 fermetra bygging, staðsett milli Aðalbyggingar Háskólans og Íþróttahúss, með tengingum við báðar þessar byggingar, Lögberg og tengingu undir Suðurgötu. Lögð er áhersla á að Háskólatorg styrki innviði háskólasamfélagsins í heild. Gert er ráð fyrir að Félagstofnun stúdenta flytji úr Stúdentahéimilinu við Hringbraut í Háskólatorgið. Jafnframt er áformað að Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, Háskólaútgáfan, Happraætti Háskóla Íslands, Námsráðgjöf og Nemendaskrá Háskólans fái aðstöðu í Háskólatorginu. Hluti byggingarinnar verður væntanlega leigður út til einkaaðila sem vilja bjóða þjónustu sína á háskólasvæðinu. Einnig kemur til álita að í Háskólatorginu verði skyndibitastaður, fjölritunarþjónusta og verslun. Loks er mikilvægt að í Háskólatorgi verði nokkrir fyrirlestrasalir.

Við hittum Pál Skúlason háskólaþrekkur að máli og lögðum fyrir hann nokkrar spurningar um Háskólatorgið.

Hvenær kviknaði fyrst hugmyndin um Háskólatorg og hvers vegna?
Þessi hugmynd leitaði fyrst á mig kringum 1980 vegna þess að mér fannst vanta lifandi þjónustumiðstöð á háskólasvæðið og þangað ættu nemendur, kennarar, annað starfsfólk og gestir Háskólans daglegt erindi. Jafnframt þessu hefur vantað slíka miðju til að tengja betur saman einstakar byggingar á háskólasvæðinu. Þetta

tengist þeirri ævafornu hugmynd, sem ég hef alltaf haft trú á, að háskóli sé eins og lítið samfélag, bær eða þorp sem byggist upp í kringum miðju eða torg.



Eru einhver innbyrðis tengsl milli Háskólatorgsins og fyrirhugaðra Vísindagarða í Vatnsmýrinni?

Nei, það eru engin bein tengsl á milli þessara tveggja framkvæmda. Vísindagarðarnir, sem eiga að rísa í Vatnsmýrinni, gegna allt öðru hlutverki en Háskólatorgið, sem trúlega verður á reitnum milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss.

Hvenær er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Háskólatorgið hefjist og hvenær lýkur þeim?

Fyrsta skrefið er að fá staðfest skipulag á vesturhluta háskólasvæðisins, þ.e. vestan Suðurgötu. Síðan þarf að gera vissar breytingar á skipulagi austurhlutans. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimild fyrir því að reisa um 2000 fermetra byggingu á umræddum reit, en áætlanir um Háskólatorg gera ráð fyrir að í fyrsta áfanga verði byggingin 4-5000 fermetrar. Síðan þarf að efna til einhvers konar samkeppni um framkvæmdina og þá fyrst er hægt að byggja.

Hvernig verður framkvæmdin fjármögnuð?

Við höfum farið þess á leit við stjórnvöld að þau lækki verulega eða felli alveg niður svonefnt einkaleyfisgjald, sem Happraætti Háskóla Íslands greiðir eitt íslenskra happraætta og nemur nú um 20% af tekjum þess. Ef þetta gengur eftir stendur ekkert í vegi fyrir því að Háskólinn geti hafist handa við að reisa Háskólatorgið jafnvel seint á árinu 2004.



Breyttur atvinnu- markaður?

Erfitt atvinnuástand og aukið atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eru frasar sem oft hafa heyrst í fréttum að undanförmu. Hanna María Jónsdóttir, rekstrarstjóri Atvinnumiðstöðvar stúdenta, er þó alls ekki svartsýn en telur hugsanlegt að hételendur vinnumarkaður sé að breytast.

„Við höfum fundið það hér á AM að atvinnuástandið hefur verið öðruvísi núna en oft áður. Áður fyrr voru námsmenn ráðnir um leið og skóla lauk á vorin og þeir gengu jafnvel fyrir sem gátu byrjað fyrst. Svo hætti fólk ekki fyrr en síðasta dag ágúst mánaðar. Hins vegar var það oft svo að enginn vissi hvað átti að láta námsmanninn gera þannig að hann var látinn ráða í hillur, merkja möppur og sinna alls konar tiltekt. Fyrirtæki virðast nú ráða starfsmenn í skemmri tíma en áður og stafar það líklega af aukinni kostnaðarvitund fyrirtækja. Afleysingafólk kemur inn þegar fastir starfsmenn hefja sumarleyfi og ekki fyrr. Við á AM fundum það t.d. að mjög mörg fyrirtæki frestuðu því að ráða sumarstarfsmenn fram í júní en þá réðu svo mörg fyrirtæki inn. Hins vegar eru kannski alveg jafn margir ráðnir, bara í skemmri tíma.“

Aðspurð segist Hanna María þó ekki viss um að þessi breyting sé til frambúðar.

„Eftir mikinn niðurskurð undanfarin ár sýnist mér sem svo að fyrirtæki séu að rétta úr kútnum en þau fara hægt af stað, til að mynda með því að ráða sumarfólk í skemmri tíma en áður. Atvinnuástand virðist þó fara batnandi eftir erfið ár í fyrra og hittifyrra. Hins vegar má spyrja hvort þetta sé byrjun á uppsveiflu og ráðningartíminn lengist á næsta ári eða hvort þessi skemmri ráðningartími sé kominn til að vera.“

Hanna María telur þó ekki alsæmt að námsmenn vinni ekki allt sumarið.

„Eins og þetta hefur verið hefur fólk verið að vinna allan ársins hring, á fullu í skólanum í rúma átta mánuði og svo í sumarvinnu í tæpa fjóra. Núorðið er fólk hins vegar farið að átta sig á því að engum er hollt að vinna endalaust, fólk þarf á frí að halda, bæði sjálfs sín vegna og atvinnurekandans, enda verða menn verðmætari vinnukraftar ef þeir fá gott frí. Námsmenn hafa einmitt aldrei tekið sér sumarfrí almennt enda gilti að geta unnið sem lengst. Núna er hins vegar spurning hvort tíminn frá próflokum í maí fram yfir mánaðamót maí/júní sé orðinn eðlilegur sumarleyfistími fyrir stúdenta. Að minnsta kosti er óþarfi fyrir fólk að verða ofurstressað þótt það sé ekki komið með vinnu í maí þar sem mjög margir voru að detta inn í júní í ár og þá gat fólk tekið sér þriggja vikna frí á milli sem er hverjum manni hollt.“

Fjölbreytt flóra viðskiptavina

Árlega nýta meira en hundrað fyrirtæki þjónustu Atvinnumiðstöðvar stúdenta. Meðal þeirra voru t.d. í ár:

Flugfélag Íslands
Og Vodafone
Lyf og heilsa
Edda - útgáfa
Brimborg
Terra Nova Sol
Íslensku menntasamtökin
Sláturfélag Suðurlands
Olíufélagið Esso



Árið 1968 spáðu menn mikið í framtíðina. Appollo 8 fór í kringum tunglið. Framtíðar- og geimmyndirnar Apaplánetan með Charlton Heston, 2001 eftir Stanley Kubrick og Barbarella með Jane Fonda voru allar í bíó.



Knattspyrnuviðburður ársins var leikur Vals og stórlíðsins Benfica. Áhorfendur voru um 18.500 talsins. Hið ótrúlega gerðist: Leiknum lauk með jafntefli, 0:0!

19

Árið 1968 var F...
tilvist hennar ven...



Á Íslandi voru miklar frosthörkur í byrjun árs. Kom sér vel að treflar, húfur og gærjukakkar voru í tisku á þessum tíma.



Í Frakklandi var ekki kalt. Þar gengu stúdentar um götur, mótmæltu stríðsrekstri í heiminum og gildum borgaralegs samfélags. Átök urðu á götum úti en þessi uppreisn stúdenta breiddist út um heim allan, m.a.s. til Íslands.



Forsetaframbjóðandinn Robert Kennedy, bróðir Johns F. Kennedys, var ráðinn af dögum.




Sama má segja um Martin Lúter King sem var myrtur þetta ár.



Kristján Eldjárn var kjörinn forseti Íslendinga og var það til 1980. Annar forseti nafni Nixon var kjörinn Bandaríkjunum. Hann en ekki jafn lengi í embætti og Kristján.

1968

Hagsstofnun stúdenta komi á fót og hefur
flúsundum stúdenta til hagsbóta æ síðan.
En hvað annað gerist 1968?



Í
Bandaríkjunum
náðu mótmæli gegn
stríðinu við Vietnam há-
marki.



Kristni-
hald undir jökli eftir
Halldór Kiljan Laxness
kom út. Þótti nýstárleg og
móðernísk. Skyldulesning ef
maður á leið um Snæfells-
nesið.



Upp-
reisnir stúdenta
um allan heim tengd-
ust einnig innrás Var-
sjárbandalagsríkja í
Tékkoslóvakíu.



Bob
Beamon setti heims-
met í langstökki á Ólymp-
íuleikunum í Mexíkóborg og
stökk 8,90 metra. Það met var
ekki bætt fyrr en á 10. ára-
tugnum af Mike Powell.



Á
sömu Ólympíuleik-
um sýndu svartir íþrótta-
menn merki baráttuhreyf-
ingar fyrir réttindum
svartra við verðlauna-
afhendingu.

Árnað heilla

kveðjur frá gömlum stúdentaforkölfum

Skóla umbreytt í alheimspörp

Ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég var beðin um að skrifa þennan litla pistil að við FS værum jafnöldur. Báðar fæddar frjálsslyndisárið 1968. Nú getum við stöllumar andað léttar þar sem við höfum loksins náð þeim langþráðu aldursmörkum að geta orðið hæstaréttardómarar eða jafnvel boðið okkur fram til forseta lýðveldisins.

Mér er sérstaklega hlýtt til FS eftir námsárin í Háskóla Íslands. Fyrir tilstuðlan Félagsstofnunar stúdenta er Háskólinn ekki einungis eins og hver annar skóli eða stofnun. Með markvissum hætti og metnaði hefur FS umbreytt skólanum í samfélag háskólastúdenta þar sem reynt er að koma til móts við ólíkar þarfir þess margbreytilega lýðs sem sækir nám í HÍ.

Ég naut þjónustu FS í ríkum mæli, fyrst sem einstaklingur í herbergi á Nýja Garði, síðan sem annar aðilinn í sambúð í stúdíóíbúð á gömlu Hjólagörðunum og loks sem nýbókuð móðir í tveggja herbergja íbúð á nýju Hjólagörðunum. Þjónusta Bóksölnnar, fjölritunarinnar og kaffistofanna var nýtt í ríkulegum mæli en mest af öllu var ég þakklát fyrir pinulitla notalega leikskólann sem FS rak og sonur minn fékk að vera nemandi á. Þjónusta FS á háskólasvæðinu tryggði það að okkur leið eins og íbúum í litlu notalegu þorpi þar sem flest andlitin voru kunnugleg.

Á þessum tíma, árunum 1988-1990, var ég í stjórn SHÍ og formaður utanríkisnefndar SHÍ en einnig fékk ég að sitja í úthlutunarnefnd FS þar sem við sátum yfir umsóknum um Garðvist. Aðsóknin var mikil og ljóst að nemendur töldu töluverðan ávinning felast í því að fá að búa á háskólasvæðinu. Töluvert vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og þjónusta FS hefur efst mjög verulega. Íbúðum hefur fjölgað og nú rekur FS t.d. íbúðir sem Garðabær byggði fyrir námsmenn en Garðabær var fyrsta sveitarfélagið til að ráðast í slíka framkvæmd. Á þessum tímamótum vil ég færa FS þakki fyrir það góða samstarf.

FS hefur þróast í takt við margbreytilegra og alþjóðlegra háskólasamfélag þar sem kröfur námsmanna verða æ meiri. Þökk sé FS er háskólasvæðið nú einhvers konar alheimspörp þar sem ólík viðhorf fá að njóta sín, hugmyndir þroskast og einstaklingar styrkjast í þekkingarleitinni. Ég sendi FS hamingjuóskir í tilefni afmælisins og vona að gæfan fylgi starfsemi um ökomín ár.

Ásdís Halla Bragaðóttir, bæjarstjóri Garðabæjar
Sat í Stúdentaráði 1988-1990.



Afmæliskveðja

Félagsstofnun stúdenta er, eins og við stúdentar vitum, þjónustufyrirtæki okkar allra. Ég fór að velta fyrir mér hvort ég hefði nokkuð þurft á þjónustu FS að halda í gegnum árin þar sem ég bjó hvorki á Görðum né átti barn á leikskóla. En jú, það eru auðvitað ótal aðrir þættir eins og að við þurfum nú að kaupa blessaðar námsbækurnar okkar og það gerum við í Bóksölnni og nauðsynlegt er að fá sér kakóballa og rúnnstykki á kaffistofunni til að komast í gegnum daginn.

Ég kynntist starfsfólki FS afar vel þegar ég var framkvæmdastjóri Stúdentaráðs og verð að segja að þar er fólkí afar mikilvægt að þjóna stúdentum sem best. Auðvitað, eins og gerist og gengur, eru ekki alltaf allir ánægðir og þeir aðilar hringdu íðulega í okkur á Stúdentaráði og þá fórum við stundum yfir ganginn og ræddum málin við starfsfólkið og yfirleitt fannst góð lausn. Starfsfólk FS þurfti líka stundum að sýna okkur á Stúdentaráði þolinmæði og skilning. Ég man eftir því þegar við fórum í herferð árið 2000 til að þrýsta á aukin fjárfraðslög til Náttúrufræðahússins. Við fengum stórar smjörlikistunnur til að setja póstkort í



sem stúdentar höfðu skrifað nöfn sín á. Gallinn var að það átti eftir að hreinsa tunnurarnar. Þáverandi formaður og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs drifu sig í galla og hreinsuðu tunnurarnar á bílastæðinu fyrir framan Stúdentahéimilið. Við höldum að við hefðum hreinsað vel til, en morguninn eftir gat varla nokkur maður staðið í fæturna á planinu því það var smjörliki út um allt og margir flugu á hausinn. Eins og ætíð brást FS fólkíð vel við og lét einfaldlega þrifa planið enn betur.

Ég vil óska Félagsstofnunar stúdenta og starfsfólki innilega til hamingju með afmælið og vona að hún haldi áfram á sömu braut til heilla fyrir stúdentana.

Dagný Jónsdóttir, alþingismaður.
Sat í Stúdentaráði 2000-2002.

R-in þrjú og háskóli án hjarta

Ég var formaður Stúdentaráðs á skemmtilegum tíma í sögu Félagsstofnunar stúdenta. Við litum á fyrirtækið sem eitt öflugasta tæki okkar stúdenta til að ná fram félagslegum markmiðum og breyta Háskólanum í lífléga samfélag. Við lögðum mikla áherslu á góðan rekstur, lága leigu á stúdentagörðum og síðast en ekki síst ódyrt kaffi. Ástæðan var einföld. Fátt er mikilvægara fyrir mannlíf en ódyrt kaffi. Sterk fjárhagsstaða var jafnframt nauðsynleg til að standa undir uppbyggingu nýrra stúdentagarða, fjölgun leikskólaryma og sífelldri lækkun á útsöluverði bóksölnunnar sem var mikið metnaðarmál.

Reykjavíkurlistinn var nýkominn til valda í borginni með loforð um stórfellda uppbyggingu í leikskólumálum í farteskinu. Félagsstofnun átti hús og lóðir og metnaðurinn fór saman í því að koma börnum stúdenta í örugga höfn. Niðurstaðan birtist í fyrstu þjónustusamningum Leikskóla Reykjavíkur við utanaðkomandi aðila. Við rákum leikskóla á stúdentagörðum og börn stúdenta fengu forgang. Gott ef við skrifuðum ekki undir stærstu samningana helgina fyrir stúdentaráðskosningar. Hannes Hólmsteinn hrökk af hjörunum og skrifaði reiðilestur um samsæri Reykjavíkurlistans, Röskvu og Ríkisútvarpsins sem flutt hafði fréttir af undirskriftinni. Hann kenndi „R-unum þremur“ um stærsta kosningasigur sögunnar.

Þegar ég lit til baka sakna ég þess helst að stefnumálin um lífléga miðpunkt mannlífs á háskólasvæðinu hafi ekki komist til framkvæmdar. Við kölluðum þessar hugmyndir Hjarta Háskólans og vildum að húsnaðið í miðskipi Aðalbyggingarinnar yrði innrétt- að sem veitingastaðir, fundarherbergi, tónleikaaðstaða og vistleg menningarmiðstöð með heitum mat í hádeginu. Tækifærið gafst þegar bókasafn Háskólans flutti þaðan í Þjóðarbókhöðuna. Skrif- finnskan varð hins vegar ofan á og háskólasamfélagið er enn að bíða eftir vistlegum samastað. Ég vona þó að þeir draumar verði loks að veruleika með Háskólatorginu verði hefur boðað. Þar væri hjartað loks komið.

Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi
Sat í Stúdentaráði 1994-1996.



Fyrir all-löngu síðan

Það er ótrúlega stutt síðan ég var í Háskólanum. En þegar ég lit yfir starfsemi Félagsstofnunar stúdenta sé ég að það hljóta að hafa liðið einhver ár.

Þegar ég var í Háskólanum var Valhöll eini stúdentaleikskólinn, enn þjuggu stúdentar bæði á Nýja Garði og Gamla Garði og eina afdrep fjölskyldufólks var á Hjónagörðum.

Ef lítið er til þess sem Félagsstofnun stúdenta hefur upp á að bjóða nú mætti halda að það væru 40 ár síðan ég var í Háskólanum. En svo er ekki. FS hlýtur því að hafa starfað á tvöföldum hraða þennan tíma sem liðinn er. Frá árinu 1986 hafa bæst við Atvinnumiðstöð stúdenta (meiriháttar framtak), 3 leikskólar og samningar við Leikskóla Reykjavíkur. Nýi Garður er dottinn út en í staðinn hafa bæst við Vetrargarður, Skerjagarður, Ásgarðar með samtals 349 íbúðum. Er ekki að verða komið nóg? Nei stúdentum fjölga og þörfin eykst. Enn eru margir stúdentar á biðlistum eftir húsnaði og margir námsmenn þurfa því miður að stofna sér í skuldir til kaupa sér sitt eigið húsnaði án þess að þeim finnist það

tímabært. Þá væri nú betra að fá leigt á sanngjörnu verði á einhverjum þessara Garða.

Svo sannarlega er tíminn afstæður, en kaffið í Árnagarði er alltaf jafn gott og bækurnar í Bóksölnni jafn áhugaverðar.

Til hamingju með afmælið og árangurinn. Þið eruð alveg stórkostleg!

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi
Sat í Stúdentaráði 1985-1987.



Ef kaffistofan þín væri dýr...

...hvaða dýr væri hún þá?



Kaffistofa FS í Eirbergi.
BÝFLUGA enda umhyggjusöm, rétt eins og hjúkrunarfræðinemar.



Kaffistofa FS í Odda.
KAMELLIÓN enda getur hún brugðið sér í allra kvikinda líki og tekur á móti nemendum úr öllum deildum.



Kaffistofa FS í Lögbergi.
REFUR að sjálfsögðu enda lögfræðingar gjarna kenndir við refi.

Kaffi Náttúra í Náttúrufræðahúsi.
KANÍNA enda borða þær meinhollt fæði eins og viðskiptavinir Kaffi Náttúru.



Kaffistofa FS í Háskólabíói.
ÖND enda aðalendur með langmesta fjármálavit meðal dýra.



Kaffistofa FS í Aðalbyggingu.
LUNDINN hefur yfir sér virðulegt yfirbragð sem minnir á viðskiptavini hér, guðfræðinga og heimspekinga.



Kaffistofa FS í Læknagarði.
HÁKARL enda eru þeir vel tenntar skepnur eins og flestir tannlæknanemar sem stunda þessa kaffistofu ásamt læknanemum.

Kaffistofa FS í Árnagarði.
SKJALDBÖKUR eru gömul og hrukkótt dýr, rétt eins og handritin í Árnagarði og þeir sem rannsaka þau.



Jafnaldrar!

Afmæli eru alltaf skemmtileg, ekki síst stórafmæli. *Félagsstofnun stúdenta* fagnar 35 ára afmæli sínu í ár en það gera ýmsir fleiri. Þeirra á meðal eru *Gillian Anderson* úr X-Files-þáttunum sívinsælu, *Lucy Liu* sem margir þekkja úr Charlie's Angels og söngstjarnan og leikkonan *Kylie Minogue*. Þá má einnig nefna tónlistarmennina *Tom Yorke* úr Radiohead, *Damon Albarn* úr Blur, stórsöngkonuna *Celine Dion* og rapparann *Vanilla Ice*. Fleiri stórleikarar verða 35 ára í ár, m.a. *Monica Belluci* sem síðast vakti athygli í Matrix Reloaded, *Cuba Gooding Jr.* úr Pearl Harbour og Jerry Maguire og *Kyle Eastwood*, sonur hörkunagls Clints Eastwoods. Af þekktum frændum okkar á Norðurlöndum sem fagna 35 ára afmæli í ár má nefna hinn fjallmyndarlega *Friðrik krónprins* og ofurfyrirsætuna *Helenu Christiansen*. Og af íslenska fræga fólkinu má nefna knattspyrnukappann *Eyjólf Sverrisson* og leikkonuna og skemmtikraftinn *Halldóru Geirharðsdóttur*.

